

1869.  
15. apríl. 68 sk. á ári, hafið þér lagt fram með, samkvæmt reglugjörð 27. nóvembermán. 1846 24. gr., að veitt verði samþykki til þess, að það megi selja tæðan túnblett til erfðafestu með þeim kjörum, sem vikið er á í bræfi bæjarstjórnarinnar.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörði það, að dómsmálastjórnin veitir hér með samþykki sitt til þess, sem um hefir verið sókt.

15. apríl. **34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þóknun fyrir lækningar.**

Nú er dómsmálastjórnin hefir fengið bréf yðar, herra amtmaður, dagsett 28. janúarmán. þ. á., hefir Tegner, lækni af gufuhvalaveiðaskipinu „Thomas Roys“, verið veitt 150 rd. þóknun fyrir það, að hann í fyrra, þegar skipið hefir komið við á fjörðunum á Austurlandi, hefir hjálpið landsmönnum með lækningum sínum, án þess að þiggja neina borgun fyrir það. Þetta skal yður hér með til vitundar gefið, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörði það sýslumönnum í Múlasýslunum, W. Olivarius og O. Smith.

15. apríl. **35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ótta fyrir hallæri í norður- og austuramtinu.**

Í bræfi dagsettu 20. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá ástandinu í norður- og austuramtinu, og látið það álit yðar í ljósi, að þrátt fyrir það, að undanfarinn vetur var góður og vorði eins, og sumarið var hagstædt bæði fyrir skepnuhöld og heyskap, þá vofi mikið hallæri yfir í mörgum héraðum í amtinu, nema þeim verði veitt hjálp á einhvern hátt,